



Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020



ÓVERULEG BREYTING

GREINARGERÐ

Inngangur

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér minni háttar breytingar á afmörkun landnotkunar á Bolafjalli og skýrari ákvæðum um nýtingu innan svæðisins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur þann 2.5.2011 og staðfest af umhverfisráðherra þann 16.5.2011.

Markmið breytingarinnar er að efla aðstöðu og fjölbreytta afþreyingu á svæðinu með áherslu á aðgengi fyrir alla. Það er í samræmi við áherslu skipulagsins um að leggja grunn að öflugri og sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinnung íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.

Breyting

Aðalskipulagsbreytingin tekur til svæðis B2 sem er skilgreint með blandaða landnotkun þjónustustofnana og verslunar- og þjónustusvæðis. Ákvæði í töflu 8.4 í greinargerð aðalskipulagsins breytast en tafla 11.4 er óbreytt. Breytingin felst í að svæði B2 stækkar til norðvesturs um 2,7 ha. Svæðið er áfram við jaðar vatnsverndarsvæðis og nær nú út fyrir fjallsbrúna á Stigahlíð. Eins og áður er svæðið ætlað fyrir ferðaþjónustu auk starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar. Aðkoma að svæðinu er óbreytt. Skerpt er á heimild til uppbryggings fyrir ferðaþjónustu með byggingu útsýnispalls, bílastæðum og þjónustuhúsi. Minniháttar mannvirkir til að bæta aðgengi fyrir alla á gönguleiðum á fjallinu eru heimil, í samræmi við markmið í kafla 12 um samgöngur. Önnur ákvæði aðalskipulagsins eru óbreytt. Breytingin er í samræmi við áherslu gildandi aðalskipulags um uppbryggingu ferðaþjónustu á Bolafjalli.

Tafla a. Gildandi aðalskipulag – úr töflu 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu.

B2	B2 - Bolafjall / 8,8 ha Hlut af stærra svæði	Svigrúm til uppbryggings þjónustu, s.s. afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auch númerandi notkunar sbr. töflu 11.4. Fjarskipti. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina, sbr. kafla 11.2.3. Fjarskipti. Sérstaklega skal huga að öryggi ferðamanna. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð.
----	---	---

Tafla b. Breytt aðalskipulag – úr töflu 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu.

B2	B2 - Bolafjall / 11,5 ha Hlut af stærra svæði	Svigrúm til uppbryggings þjónustu, s.s. útsýnispalla við fjallsbrún, bílastæða, þjónustuhúss, afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auch númerandi notkunar sbr. töflu 11.4. Fjarskipti. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina, sbr. kafla 11.2.3. Fjarskipti. Almenn umferð og starfsemi er ekki heimiloð innan 100 m fjarlægðar frá ratsjárstöðinni. Sameiginleg aðkoma fyrir alla starfsemi á Bolafjalli er um númerandi veg upp á fjallid af Skálavíkurheiði. Tryggja skal að uppbrygging ferðaþjónustu raski ekki starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar m.t.t. öryggis- og varnarmála og flugöryggis. Sérstaklega skal huga að öryggi ferðamanna og jafnframt lágmarka hættu á heilsufarslegum áhrifum frá ratsjárstöðinni á starfsmenn og gesti. Huga skal að aðgengi fyrir alla að mannvirkjum fyrir ferðaþjónustu og gönguleiðum. Forðast skal röskun á búsvæðum fugla í Stighlíð vegna uppbryggings ferðaþjónustu. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð.
----	--	--

Áhrif

Ákvæðin sem sett eru fyrir svæðið fela ekki í sér verulegar breytingar miðað við númerandi stefnu skipulagsins. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi almenna stefnu aðalskipulagsins um eflingu þjónustu í sveitarfélagini. Hún er einnig í samræmi við Ferðamálaáætlun 2011-2020 og Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila og hefur því almennt óveruleg áhrif.

SKÝRINGAR

- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar og þjónustusvæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Óbyggð svæði
- Vötn, ár og sjór
- Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði
- Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
- Aðrir vegir - sýndir til skýringar
- Göngustígur
- Reiðvegir
- Ⓛ - Fjarskipti

SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð

skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur

þann _____.

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann _____.

Aðalskipulagsbreyting þessi var

staðfest af Skipulagsstofnun þann _____.